

Ed.

493. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun hússtjórnarskóla á Norðurlandi (þingskj. 56).

Frá mentamálanefnd.

Mál það, er hjer um ræðir, er all-þýðingarmikið og vel þess vert, að því sje fullur gaumur gefinn. Það dylst engum.

Mjög langt er síðan, að ýmsum mætum mönnum, körlum og konum, var það ljóst, að brýn þörf væri á því, að til væri á Norðurlandi, nálægt Eyjafirði, einhver sá skóli, er veitt gæti konum þá sjermentun, er þeim yrði að telja nauðsynlega til þess, að þær gætu rækt sem best köllun sína. Enda var það í Eyjafirðinum, að annar af hinum tveim fyrstu kvennaskólum vorum reis upp, sem sje Laugalandsskólinn. En þótt Laugalandsskólinn fjelli úr sögunni, sennilega mest fyrir það, að hann naut ekki nægilegs stuðnings frá hálfu hins opinbera, og ef til vill að nokkru leyti vegna legu sinnar (vantaði alveg fjölmennið til að styðjast við), þá hvarf þó engan veginn þörfin fyrir slíkan skóla. Hvað eftir annað komu í ljós óskir um, að kvennaskóla yrði aftur komið upp einhversstaðar á þessum slóðum. Hafa þær óskir stundum komið fram á þann hátt, að það hefir verið farið fram á að stofna húsmæðraskóla í sveit einhversstaðar í Eyjafjarðar- eða Þingeyjarsýslum (sjá Alptið. 1907 A. 99 frumvarp og 1909 A. 617 þingsál.), stundum og jafnhliða með því móti, að farið hefir verið fram á að fá sem ríflégastan styrk úr landssjóði til hússtjórnarskólalahalds á Akureyri.

En þótt lifað hafi þannig um langan aldur í þessum landshluta þörf og þrá eftir því, að til væri þar sjerskóli fyrir konur, þá hafa óskirnar um það aldrei orðið jafn almennar og eindregnar og nú (sbr. skjal það, sem hjer er prentað sem fylgiskj.). Nú er svo að sjá, að kröfur þessar sjeu svo öflugar orðnar, að sýnt sje, að eigi verði til langframa móti þeim staðið. Og fer það að vonum, að með þeim auknu rjettindum, sem konur hafa öðlast hjer á landi, verði eigi að eins þeim sjálfum, heldur einnig öðrum, ljósari nauðsynin á því, að þeim gefist kostur á að njóta þeirrar mentunar, er svári sem best til aðalköllunar þeirra í lífinu.

En þótt óskir þær, sem hjer um ræðir, sjeu samkvæmt framansögðu bæði almennar og öflugar, þá verður samt eigi, að svo komnu, sagt, að þær sjeu svo fullar samræmis sem vera skyldi, þar sem svo að segja annar helmingur þeirra, er hjer eiga hlut að máli, krefst þess, að slíkur sjerskóli fyrir konur verði reistur í sveit, en hinn helmingurinn, að hann verði reistur í kaupstað (á Akureyri).

Inn í þenna ágreining vill nefndin að vísu blanda sjer sem allra minst. Þó verður hún fyrir sitt leyti að telja það heppilegast, að skóli þessi yrði reistur einhversstaðar við Eyjafjörð, bæði með tilliti til þess, að aðdrættir verði sem hægastir, að því er sjálfa stofnunina og rekstur snertir, og að hann geti líka að einhverju leyti notið stuðnings af fjölmenninu. Enda liggur það í augum uppi,

að ef slíkan skóla skyldi stofna langt uppi í sveit, þá hlyti hann að verða margfalt dýrari, eigi að eins hvað stofnkostnað áhrærir, heldur einnig rekstur hans. Auk þess sem aðflutningur byggingarefnisins yrði þá mjög kostnaðarsamur, að því leyti sem flytja þyrfti á landi, þá hlyti sjálft skólahúsið að byggjast miklu stærra en ella, er öllum námsmeyjum væru ætlaðar heimavistir. Þá mundi og mega telja óumflýjanlegt að kaupa einhverja jörð, frekar stóra en smáa, hýsa hana upp til afnota fyrir starfsfólk og til skýlis búpeningi, kaupa alla áhöfn og launa bústjóra. Og þótt skólanum kynni að einu leyti að reynast styrkur í slíkum búskap, þá hlyti honum á hinn bóginn að verða, eftir því sem samgöngum hjá oss á landi er enn þá háttað, afar erfiðir og dýrir aðdrættir á öllum aðkeyptum nauðsynjum, er verða mundu bæði margar og margbrotnar á svo mannmörgu heimili.

En þótt vjer, samkvæmt framansögðu, teljum það skylt, að Alþingi sinni þeim óskum, sem ofangreint frumvarp byggist á, og leggi fram fje til að reisa og reka slíkan kvennaskóla, er þar um getur, þá teljum vjer hins vegar rjett, að viðkomandi hjeruð leggi fram, á einn eða annan hátt, nokkurt fje til þess að koma honum upp. Gæfist þeim með því kostur á að sýna áhuga sinn fyrir þessu máli, jafnt á borði sem í orði, auk þess sem líklegt má telja, að krafa um nokkurt fjárframlag frá þeirra hálfu gæti stuðlað að því að afmarka enn betur, hvar skóli þessi skyldi standa.

Vjer leggjum því til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum, er hjer fara á eftir, og verður nánari grein gerð fyrir þeim, hverri fyrir sig, við framsöguna.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um stofnun hússtjórnarskóla á Norðurlandi.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Húsmæðraskóla skal stofna við Eyjafjörð.
2. Við 2. gr. a) Orðið »minst« falli burt.
b) Í stað orðanna »alt að 50« komi:
minst 40.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna »stjórnarráðsins eða skólanefndar, er það skipar« komi:
skólanefndar, er stjórnarráðið skipar.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Námsgreinar eru:

A. Verklegar:

Matreiðsla allskonar, og sje sjerstök áhersla lögð á matreiðslu úr innlendum efnnum og að hagsýni og nýtni sje ávalt gætt. Framreiðsla matar og drykkjar.
Ræstun og þvottur.
Saumar og hirðing fatnaðar.

B. Bóklegar:

Efnafræði, sjerstaklega efnasambönd fæðunnar.
Heilsufræði, einkum bjúkrunarfræði.
Meginatriði uppeldisfræðinnar.
Búreikningar.

Nánari ákvæði um námsgreinar skulu settar með reglugerð.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Landssjóður leggur fram $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði, gegn $\frac{1}{3}$ annarstaðar að. Hann skal rekinn fyrir landsfje og stendur undir umsjón stjórnarráðsins, er setur reglugerð um nánari tilhögun hans.

6. Við fyrirsögn frumvarpsins:

Í stað »hússtjórnarskóli« komi:
húsmæðraskóli.

Alþingi, 13. ágúst 1917.

Guðm. Ólafsson,
formaður.
Með fyrirvara.

Eggert Pálsson,
skrifari og framsm.

Magnús Torfason.

Fylgiskjal I.

HÚSMÆÐRASKÓLINN Á AKUREYRI.

Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt um, hefir forgöngunefnd hins væntanlega kvennaskóla fyrir Norðurland unnið að því bæði með blaðagreinum og fundarhöldum nú í næstliðin 3 ár að hrinda máli þessu sem best áleiðis með því að vekja og glæða áhuga fyrir því, enda er óhætt að segja, að áhugi fyrir stofnun húsmæðraskóla hjer norðanlands fer stöðugt vaxandi og er þegar orðinn mjög almennur.

Tilgangur skólans er að kenna námsmeyjunum að stjórna húsi, hvort heldur er í sveit eða kaupstað, með reglusemi og sparsemi. Skólinn er ætlaður fyrir 24 heimavistir. Námsgreinar: Matartilbúningur allskonar, bæði vanalegur og finni og sjúkrakostur; að baka brauð og kökur, að sjóða niður og sylta; að leggja á borð, bera fram mat; gera hreint, alt sem þarf til viðhalds heimilinu, þvo þvott og ganga frá honum, línsterking o. s. frv.

Bóklegt: Efnafræði, húshaldsbókfærsla, íslenska, saga og landafræði í fyrirlestur; hjúkrunarfræði geta lært þær sem óska.

Saumar: Línsaumur, kjólasaumur, bæta og stoppa.

Skólatíminn er frá 1. okt. til 1. maí. Auk þess hálfv mánaðar kensla á

haustin (frá 15. sept.) á alls konar kálmeti og ber, og á vorin jafnlangur timi til að planta alls konar matjurtum og blómum.

Vjer höfum frá fyrstu haldið því mjög ákveðið fram, að húsmæðraskóli fyrir Norðurland væri best settur hjer á Akureyri eða við bæinn, og vjer höfum nú ákveðið, að heppilegasti staður fyrir skólann væri sá, að hann yrði reistur hjá Gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands, lítið eitt sunnan við Akureyrarbæ. Samkvæmt fundargerð fjölmeuns kvennafundar, er vjer boðuðum til og haldinn var hjer á Akureyri 2. þ. m., var það samhuga álit fundarins, að skólinn skyldi byggður á þessum stað, og sómuleiðis er yfirgnæfandi mikill meiri hluti allra kvenna Eyjafjarðar, framan við Akureyri, á sömu skoðun.

Aftur á móti er hægt að búast við, að í Þingeyjarsýslu sje talsverður meiningamunur um það, hver sje hinn heppilegasti framtíðarbústaður skólans.

Þetta er mjög óheppilegur ágreiningur fyrir málið í heild sinni, og kemur þá til álita, hverjir mest hafa til síns máls, og hvað sjerstaklega mælir með samskonar skólastofnun hjer við Akureyri eða í sveit.

Oss hefir aldrei blandast hugur um það, að margt fleira mælir með þessari skólastofnun hjer við Akureyri, og viljum því leyfa oss að taka fram hið helsta:

1. Akureyri er menningarstöð Norðurlands og langfólksflestur bær á Norðurlandi. Hjer er ágæt höfn og samgöngur við umheiminn greiðastar, eftir því sem um er að gera á Norðurlandi. Hjer eru kenslukraftar miklu auðfengnari en til sveita, prentsmiðjur, blaða- og bókaútgáfur, góður kostur fyrirlesara í ýmsum gagnlegum fræðigreinum, og ýms fleiri menningartæki, þar á meðal bókasafn og lestrarsalur. Hjer eru lækna- og lyfjabúð, og Akureyri er miðdepill allra póstgangna norðanlands.
2. Hjer á Akureyri yrði bygging skólahúss miklum mun ódýrari, þar sem svo stutt er aðdráttu, en flutningar til sveita á öllu byggingarefni og útlendum vörum ávalt erfiðir og kostnaðarsamir. Í sveit þyrfti einnig skólahúsið að vera miklu stærra, þar sem í skólanum yrðu tómar heimavistir, en hjer við Akureyri geta heimilisfastar stúlkur úr bænum búið heima hjá sjer og gengið í skólann. Árlegur starfsrekstrarkostnaður yrði því miklu meiri í sveit en hjer við Akureyri.
3. Hjer á Akureyri mundu fást nógir og góðir aukakennarar í ýmsum fræðigreinum, svo fastir kennarar skólans þyrftu ekki að vera eins margir. Í sveitum yrði erfiðara að ná í þá. Þetta gæti orðið mikill sparnaður.
4. Hjer á Akureyri gætu þær stúlkur, er svo sýndist, gefið sig að þeim störfum, er bærinn hefir að bjóða, t. d. notið kenslu við blómækt og trjárækt, matjurtagarðsstörf í Gróðrarstöðinni, annað hvort þá er þær væru búnar í skólanum, eða sumrin milli skólavetranna. Þær, sem gefnar væru fyrir hjúkrunarstörf, gætu gefið sig að þeim o. s. frv.
5. Þá yrði það og einnig ómetanleg samgöngubót og greiddi afarmikið fyrir samgöngum og aðflutningum hjer til bæjarins, þegar hin væntanlega brú kemst á yfir Eyjafjarðará, en nú er fje lagt til hennar í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, og virðist mjög ólíklegt, að þingið verði þeirri fjárveitingu mótfallið.
6. Þá má og benda á það, að gagnfræðaskóli Möðruvalla var endurreistur hjer á Akureyri, og stofnendum Ræktunarfélags Norðurlands kom víst eindregið

saman um það, að fast heimili fjelagsins og tilraunastöð væri best sett hjer, svo að segja fast við Akureyri.

Margar fleiri ástæður mætti telja máli voru til stuðnings, svo sem það, að fyrsti kvennaskóli þessa lands var stofnaður hjer í Eyjafirði, ekki langt frá Akureyri.

Oss finst því, að ekki geti verið skiftar skoðanir um það, að yfirgnæfandlega margt fleira mæli með því, að skóli, sem ætti að geta nokkurn veginn fullnægt þörf og kröfum Norðlendinga, sje miklu betur settur hjer við Akureyri en einhversstaðar uppi í sveit. Og að hafa á þrjónunum 2 skóla fyrir Norður- og Austurland nær engri átt, þar sem Húnavetningar hafa sinn eigin skóla, er styrktur er árlega af landstje. Og 2 smærri skólar, annar á Akureyri, en hinn uppi í sveit, yrðu margfalt dýrari, bæði að því er snertir byggingarkostnað, viðhald og starfrækslu.

Vjer leyfum oss að láta fylgja með þessu skjali voru undirbúningsdrætti að teikningu skólahússins, eins og vjer höfum hugsað oss herbergjaskipun hins væntanlega skólahúss, en vitaskuld eru þessir frumdrættir gerðir með þeim fyrirvara, að breytingar geti átt sjer stað, ef annað fyrirkomulag sýndist hentugra og hagkvæmara fyrir skólann, þá er til framkvæmdanna kemur.

Þar sem óumflýjanlegt er að byggja hús handa skólanum, er væri svo stórt, að minsta kosti 24 stúlkur gætu fengið heimavistir, auk íbúðar fyrir kenslukonur, geymsluherbergi fyrir matvæli, eldivið, farangur o. fl., þá getum vjer ekki hugsað oss, að skólabyggingin, með öllu tilheyrandi, mundi kosta minna en ca. 40,000 krónur. Auk þessa þyrfti ýms nauðsynleg áhöld til skólans, er varla kæmu til að kosta minna en 2500—3000 krónur.

Það þarf varla að taka það fram, þar sem það er eindregið álit vort í fyrra umsóknarskjali voru til þingsins 1915, að vjer teljum sjálfsagt að húsið verði bygt úr steini og sementi með járnþaki. Yrði það þá mun varanlegri framtíðarbygging, ábyrgðargjald af húsinu og innanstokksmunum miklum mun lægra o. s. frv.

Af öllu því, sem að framan er sagt, viljum vjer hjer með fara þess á leit, að hið háa Alþingi vilji á í hönd farandi fjárhagstímabili veita af landsfje 40,000 — fjörutíu þúsund — krónur til húsmæðraskóla hjer á Norðurlandi, er bygður sje hjá Gróðrarstöð Ræktunarfjelags Norðurlands, svo fljótt sem ástæður leyfa. Enn fremur hæfilegan styrk til árlegs starfsrekstrar, þar á meðal einhvern ofurlítinn styrk fyrir hverja námsmey, er skólann sækti, einkum lengra að.

Vjer getum átt von á því, að Alþingi þyki fjárveiting þessi býsna há, er vjer viljum fullvissa hið háa Alþingi um það, að hjer er ekki farið fram á hærri upphæð en nauðsynleg er til skólabyggingarinnar, og minna fje en þetta mundi alls ekki nægja til þess, að skólastofnun þessi geti samsvarað þörfum, nauðsyn og aðsókn Norðlendinga.

Vjer treystum því, að Alþingi veiti hina umbeðnu upphæð til þessa fyrirhugaða húsmæðraskóla, er reistur yrði hjer á Akureyri við Gróðrarstöð Rækt-

unarfélagsins, og með því stofnsetji og styrki öfluglega þessa þjóðþrifaðstofnunar Norðurlands.

Akureyri, 18. júním. 1917.

Virðingarfylst.

Thora Havsteen. Dómhildur Jóhannesdóttir. Sigríður Einarsson.

Anna Magnúsdóttir. Anna Stephensen. Jóhanna Jónsdóttir.

Alma Thorarensen. Sigurlaug Jakobsdóttir. Gerða Tulinius.

Jóninna Sigurðardóttir. Sigríður Davíðsson. Kr. Eggertsdóttir.

Berta Lindal. Guðrún Ólafsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Fylgiskjal II.

Vjer undirritaðar konur erum fastlega sammála um að óska eftir fullkomnum og góðum hússtjórnarskóla á Akureyri sem allra fyrst.

Vjer finnum betur og betur þörfina til að leita oss upplýsingar og verða meiri mentunar aðnjótandi í þeirri grein, og finst það sanngjörn og rjettmæt krafa, að meira sje gert til að fullnægja þeirri þörf vorri en gert hefir verið að þessu.

Vjer óskum og treystum því fastlega, að nefndur skóli verði byggður og honum haldið við af opinberu fé.

Undir ofanskráða áskorun hafa norðlenskar konur ritað nöfn sín á því svæði, er eftirfarandi yfirlit ber með sjer:

Sýslu- og hreppanöfn.	Undirrituð nöfn	Sýslu- og hreppanöfn.	Undirrituð nöfn
I. Skagafjarðarsýsla:		Flutt	1420
Sauðárkrókur	64	IV. Þingeyjarsýsla:	
Seiluhreppur	16	Húsavík	24
Staðarhreppur	13	Presthólahreppur	39
Skefilsstaðahreppur	31	Flateyjarhreppur	22
II. Eyjafjarðarsýsla:		Grýtubakkahreppur	32
Arnarneshreppur	85	Undirrituð nöfn samtals	1537
Árskógshreppur	70		
Hrafnagilshreppur	49	Samandregið yfirlit:	
Hvanneyrarhreppur	117	Skagafjarðarsýsla	124
Svarfaðardalshreppur ...	133	Eyjafjarðarsýsla	896
Saurbæjarhreppur	128	Akureyri	400
Glæsibæjarhreppur	106	Þingeyjarsýsla	117
Skriðuhreppur	22		
Öngulsstaðahreppur	55		
Þóroddsstaðahreppur	117		
Öxndælahreppur	14		
III. Akureyri	400		
Flyt	1420		1537